

Aðalfundur Beint frá býli var haldinn í Litlu Sveitabúðinni á Mýrum í Hornafirði þann 8.4.2017

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Ávörp gesta.
4. Erindi:
5. Skýrsla formanns (stjórnar) félagsins um starfsemi á liðnu ári..
6. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til afgreiðslu.
Umræður um skýrslu formanns og reikninga.
7. Breytingar á samþykktum BFB.
8. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna.
10. Árgjald ákveðið.
11. Önnur mál sem félagið varðar.

1) Formaður setur fund og bíður fundarmenn velkomna, sem og sérstaklega gesti fundarins, þingmenn kjördæmisins þær Jónu Sólveigu Elínardóttur og Oktavíu Hrund Jónsdóttur.

2) Formaður gerir tillögu að starfsmönnum fundarins, Guðmund Jón Guðmundsson sem fundarstjóra og Jóhönnu B Þorvaldsd sem fundarritara. Ekki komu aðrar tillögur og tóku þau þá til starfa.

3) Ávörp gesta: enginn gesta tók til máls.

4) Erindi. Fyrst flutti erindi Elfa Björk Sævarsdóttir um gæðastjórnun og gerð gæðahandbókar fyrir litlar matvælavinnslur. Hún byrjar á litlum leik þar sem allir fundargestir skrifa niður það sem fyrst kemur upp í hugan til bóta fyrir heimavinnslu. Flestir mynntust á markvissara og skilvirkara regluverk þó ýmsar fleiri góðar hugmyndir kæmu á blöðin.

Næst fór hún yfir reglur um matvælaöryggi, gæði og merkingar og mikilvægi þess að heimavinnsluaðilar skilji kröfur þar að lútandi og tilganginn með eftirfylgni.

Fyrirlestri Elvu lauk með skemmtilegri kveðju frá nýjum rekstraraðilum Frú Laugu um að þau vilju vita af sem flestum framleiðendum en ítreka mikilvægi réttra merkinga og að leyfi fyrir framleiðslu séu fyrir hendi.

Elvu er þakkað fyrir erindið og tekin smá umræða um samskipti við MAST til útskýringa fyrir gesti fundarins.

Næstur tók Svavar Halldórsson framkvæmdastjóri landssambands sauðfjárbænda, til máls.

Hann sagði að stefnt væri á að árið 2027 yrðu sauðfjárafurðir á Íslandi vottaðar án erfðabreytts fódurs og þá verði allar sauðfjárafurðir einnig rekjanlegar til framleiðanda.

Þau þrjú lönd sem standa fremst í dýravelferð eru Ísland, Noregur og Svíþjóð

Síðustu 25 árin hafa íslenskir bændur grætt upp um 50.000 hektara lands og vernda 300.000 ha. Fyrir beitarágangi. Þarna hefur gæðastýringin spilað stórt hlutverk.

Við eigum eitt besta kerfi í húsdýrahaldi á heimsvísu samkvæmt Ólafi Dýrmundssyni ráðunaut.

Stefnt er að því að 2027 verði íslenskar sauðfjárafurðir Fair trade (Þe. Jafnrétti og hugmyndafræði sanngjarnra viðskipta.) Og þá verði lágmarks umhverfisfótspor, lyfjanotkun og algjört lágmark í notkun hormóna og skordýraeiturs.

Þegar kemur að grænni orku þá verði LS og öll fyrirtæki sem að því koma með vottaða umhverfisstefnu samkvæmt ISO staðli.

LS og öll tengd fyrirtæki verði þá einnig komin með stefnu um samfélagsábyrgð samkvæmt ISO.

Sérstaða íslenskra sauðfjárafurða hefur fengið alþjóða viðurkenningar td hjá Slow Food og viðurkenningu á einstökum búskaparháttum.

Stefnt er að því að koma íslenska forystuféinu á heimsmynjaskrá UNESCO.

Einnig er stefnt að neytendavernd fyrir aldraða, börn og sjúklinga með td. Upplýsingum um mat í skólum á elliheimilum og á sjúkrahúsum.

Þá vék Svavar að ostagerð og afurðavinnslu úr sauðamjólk en greinilegt er að sauðfjárþændur verði að huga að því að skapa meiri tekjur af ám sínum og gæti mjóltun og ostun verið þar tækifæri.

5) Skýrsla formanns.

Þorgrímur byrjar á að þakka Elvu og Svavari fyrir þeirra erindi og ræðir um samskipti við MAST og ábyrgð okkar á þeim vörum sem við framleiðum. Ræðir einnig un samskipti við ráðuneyti í sambandi við reglugerðir um smáframleiðslu.

Skýrsla stjórnar: Aðalfundur félagsins fór fram að Hraunsnefi í Borgarfirði apríl 2016. Að vanda var fámenn og góðmennt. Fundargerð má sjá á heimasíðu félagsins.

Félagið fékk styrk frá ráðherra til að fara í gerð gæðahandbókar fyrir félagið og drög að gæðahandbók, sem síðan er staðfærð að hverjum framleiðenda.

Samið var við Elfu Sævarsdóttur, ræðgjafi í gæðastjórnun. Um verkið. Haldnir voru nokkrir vinnufundir og niðurstaðan var gæðahandbók sem inniheldur verkferla fyrir félagið, svo sem varðandi utanumhald á málum og afgreiðslum, sem og ferlar við hvernig svara skuli erindum og skráningu, auk alls þess Þeirri vinnu lauk í byrjun þessa árs með Heilstæðri gæðahandbók fyrir félagið.

Við sendum út nokkur fréttabréf á árinu, um málefni líðandi stundar og áminningum um þátttöku í mörkuðum og fl.

Auglýsingaherferð á rúv sl haust, þegar umræðan var í hámarki hjá Sauðfjárþændum að selja beint, vakti athygli og var merkjanlegt hvað fleiri höfðu samband við marga af félögunum og stofnuðu til viðskipta. Í kjölfarið á auglýsingu MAST um að framleiðendur þyrftu að hafa leyfi, höfðu nokkrir samband við félagið og óskuðu eftir leiðbeiningum þar um. Var þeim bent á nýgengin úrskurð ráðuneytis þar um að það væri á vegum Heilbrigðiseftirlits að gefa út slíkt leyfi, enda væri ekki um neina vinnslu aðræðha heldur einungis sölu, en flestir sem höfðu haft samband við MAST fengu engin svör. Virðist þetta vera enn eitt dæmið um í raun, vanmátt þessarara stofnunnar.

Reglugerð um litlar matvælavinnslur var sett sl haust. Eitt af fyrstu verkum stjórnar var að fara á fund með starfsmönnum ráðaneytis og skýra frá afstöðu sinni til reglugerðarinnar, en félagið hafði skilað inn athugasemd í febrúar og var síðan boðið að koma með frekari athugasemdir í maí. Í stuttumáli var ekki tekið tillit til athugasemda okkar og langar mig aðeins að fara í gegnum það hvernig við byggðum okkar athugasemdir upp: og í kjölfarið var haft samband við okkur og við beðin um að koma með tillötur að viðmiðunnarmagni. Ræða þetta aðeins.

Um mitt sumar var boðað að í smíði væri reglugerð um meðhöndlun á sauða og geitamjólk til matvælavinnslu. Við fengum boð um að koma með athugasemdir og komum við á framfæri lítilsháttar athugasemdum, enda höfðum við ekki miklar athugasemdir, þar sem í raun var um að ræða eðlilega hluti, utan að töluvert var um misræmi milli mjólkurtegunda, en tekið var tillit til þess þar sem flestir sem gáfu umsögn vöktu athygli á því sama.

Reglugerð þessi tók svo gildi í desember, en sem svo oft áður er MAST ekki tilbúið til að veita leyfin, þar sem þar á bæ er ekki búið að útbúa reglur eða kynningareffni fyrir væntanlega mjólkurbændur til að útbúa sína aðstöðu.

Sl ár hefur verið bryddað uppá því að efna til meir samvinnu milli opins landbúnaðar, Ferðapjónustu Bænda og Beint frá býli. Hafa verið haldnir 2-3 fundir þar um og á síðasta ári var ákveðið að setja smá kraft í þessa vinnu og skipuleggja ferð til Noregs til að kynna því hverning norðmenn haga sinni samvinnu og eða samstarfi. Farið verður í þessa ferð núna uppúr 20 apríl. Farið verður til Oslóar og ekið til Bergen á 3-4 dögum. Komið við hjá félögum innan vébanda Hanen, sem er samstarfsvettvangur sambærrilegra fyrirbæra í Noregi. Hanen menn munu eiga samræður við fulltrúa frá Íslandi og 5, Samvinna BFB Samtökum ferðapjónustubænda og Opins landbúnaðar. Spurning hvort við viljum taka þátt í sameiginlegri ferð til Noregs að heimsækja norsku samtökin Hanen og kynna þeirra starfsemi betur.

Haustið 2015 sendi þáverandi þingmaður Jóhanna María Sigmundsdóttir fyrirspurn á landbúnaðarráðherra um hvort til greyna kæmi að hefja vinnu við að heimila sölu á ógerilsneyddri mjólk í milliliðalausri sölu. Tók ráðherra vel í það og svaraði að kæmi beiðni þar um myndi hann láta þá vinnu fara í gang.

Í ljósi þessa hefur stjórn nú unnið að erindi til ráðherra, þar sem óskað er eftir að sú vinna fari í gang, sem og vinna við að heimila vinnslu á ostum og öðrum vörum úr ógerilsneyddri mjólk, samanber það sem þekktist víða erlendis. Eigum við ekki von á öðru en því verði vel tekið af hálfu ráðherra, þar sem sú ríkisstjórn sem nú situr hefur lýst því yfir að vilja stuðla að breytingum í landbúnaðarmálum, m.a. til að auka fjölbreytni innan greina og væri heimillt að gera osta úr ógerilsneyddri mjólk yrði það lyftistöng fyrir þá sem vilja framleiða heima.

Næsta árs verkefni framundan eru nokkur, þar ber hæst að senda Erindi til landbúnaðarráðherra um ógerilsneydda mjólk og leyfi til að selja í beinni sölu til neytenda og að gera osta úr ógerilsneyddri mjólk, en stjórn hefur verið að undirbúa það nú um nokkuð skeið.

Í tilefni af 10 ára afæmli félagsins er tímabært að gera nýja og nútímalega heimasíðu

Átaksverkefni um sauðamjólkurframleiðslu í samstarfi við framleiðnisjóð landbúnaðarins svo fátt eitt sé nefnt

6) Gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins og voru þeir skoðaðir og ræddir.

Sigurlaug Gissurardóttir tók til máls og ýtrekar áhuga fyrir meira samstarfi milli Ferðapjónustubænda, Beint frá býli og Opins landbúnaðar. Sigurlaug hvetur til samvinnu og umræður sköpuðust um td. Sameiginlega héraðsskipta bæklinga þar sem í væri allt sem um er að vera á viðkomandi svæði.

Þá voru reikningar og skýrsla formanns borin undir atkvæði og samþykkt.

7) Formaður bar fram tillögu um breytingar á samþykktum félagsins svohljóðandi:

Tillögur að breytingum á samþykktum fyrir Beint frá býli – félag heimavinnsluaðila

3. grein: Lagt er til að síðasta setning falli út og komi í 4. grein sem er ný grein og hljóðar því 3. greins svona:

Rétt til aðildar að félaginu hafa þeir einstaklingar og lögaðilar sem stunda eða hyggjast stunda

framleiðslu og sölu á heimaunnum afurðum á lögbylum. Sé um lögaðila að ræða skal tilkynna stjórn hver sé þar forsvarsmáður. Styrktaraðilum er heimil þátttaka með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar á aðalfundi. Stjórn félagsins er heimilt að taka við frjálsum framlögum fjármuna frástyrktarfélögum og velunnurum sínum.

4.grein Félagið innheimtir félagsgjald, sem skal ákveða á aðalfundi. Hafi félagi ekki gert upp árgjald liðins almanaksárs, fyrir aðalfund, skoðast það sem úrsögn úr félaginu. Óski félagi úrsagnar úr félaginu, skal það gerast skriflega.

Lagt er til að 5. greinin verði nr 6 og hljóði svo:

Stjórn félagsins skipa 3 stjórnarmenn og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.. Að loknu kjöri aðalmanna í stjórn skulu 3 varamenn kjörnir til eins árs. Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundi og fá sendar fundargerðir. Kjörnir skulu 2 skoðunarmenn reikninga úr hópi félagsmanna

Lagt er til að 6.grein verði 7.grein og hljóði svo:

Aðalfund félagsins skal halda fyrir apríllok ár hvert. Skal fundurinn auglýstur opinberlega og jafnframt boðaður öllum félagsmönnum í tölvupósti með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Sérhver félagsmaður (forsvarsmáður lögaðila, ef um slíkan er að ræða) fer með eitt atkvæði á aðalfundi. Aðalfundur er lögmaður sé hann sannanlega auglýstur með löglegum fyrirvara. Reikningsárið er almanaksárið.

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Ávörp gesta.
4. Erindi:
5. Skýrsla formanns (stjórnar) félagsins um starfsemi á liðnu ári..
6. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til afgreiðslu. Umræður um skýrslu formanns og reikninga.
7. Breytingar á samþykktum BFB.
8. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna.
10. Árgjald ákveðið.
11. Önnur mál sem félagið varðar.

Lagt er til að 7. grein verði 8. grein

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins og þarf til þess 2/3 atkvæðisbærra Fundarmanna, enda hafi tillögur þar um verið kynntar skriflega fyrir félagsmönnum, amk viku fyrir auglýstan aðalfund.

Lagt er til að 8.grein verði 9. grein

Stjórn og vefstjóra er óheimilt að setja vörur sem þurfa starfsleyfi af einhverju tagi á heimasíðu eða í bæklinga nema fyrir liggja staðfesting frá starfsleyfisgjafa.

Lagt er til að 9.grein verði 10. grein

Félaginu verður ekki slitið nema að 2/3 hlutar mættra félaga á aðalfundi samþykki og skal tillaga að slitum auglýst sérstaklega í fundarboði. Skulu eigur þess renna til góðgerðamála. Síðasti aðalfundur BFB ákveður til hvaða góðgerðamála eigum félagsins verður ráðstafað.

Samþykkt á stofnfundi Beint frá býli – Félags heimavinnsluaðila þann 29. febrúar 2008.

Breytt á aðalfundi 26. mars 2011.

Tillögurnar voru ræssar og síðan bornar undir atkvæði, hver og ein og síðan samþykktin í heils sinni.

Allar tillögur og samþykktirnar í heild voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum og taka því þegar gildi.

8) Kostningar. Þar sem samþykktum félagsins var breytt, er nú kosið eftir nýju reglunum.

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir sem verið hefur í stjórn sl 3 ár, gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu.

Kosningu í stjórn hlutu: Hanna S. Kjartansdóttir Mýranauti á Mýrum, Sigrún H. Indriðadóttir Stórhóli Skagafirði og Þorgrímur Einar Guðbjartsson Erpsstöðum Dalasýslu.

Kosningu í varastjórn hlutu Sölvi Efstadal Bláskógabyggð, Anna S. Sævarsdóttir Miðskeri og Hafdís Húsavík á Ströndum.

Kosning skoðunnarmanna:

Guðrún Sigurjónsdóttir og Þorvaldur Jónsson voru kosin skoðunnarmenn.

10) Ákvörðun u márgjald. Stjórn leggur til að árgjald verði óbreytt, kr 12.000 á ári. Samþykkt.

11) Önnur mál.

Fundarstjóri bar upp tvær tillögur frá Guðmundi Jóni Guðmundssyni svohljóðandi.

1, Aðalfundur Beint frá býli, haldinn að Miðskeri Höfn 8. Apríl 2017 felur stjórn samtakanna að koma á samræmdum reglum um skráningu á öllum vörum og verðmæti þeirra ,sem framleiddar eru á lögbýlum undir hugtakinu “ Beint frá býli“.

Væntanlegar reglur skal ma. Miða við upplýsingar um eftirfarandi þætti:

Aðkeypt, heimtekin eða heimaþingin aðföng. Áætlaðan launakostnað. Áætlaðan umbúðakostnað. Auglýsingakostnað og Söluverðmæti vöru eða þjónustu.

Greinagerð.

Minna má á að gróska er nú í fjölbreyttri framleiðslu Beint frá býli. Reynsla annara þjóða sýnir að slík framleiðsla er lítt eða ekki í samkeppni við hefðbundnar afurðir á markaði, heldur er hún viðbót og aukning á neyslu, enda verður slík framleiðsla aldrei nema mjög lítil hluti af heildarframleiðsluá viðkomandi sviði.

Þrátt fyrir það er mikilvægt að skrá alla heimaframleiðslu, umfang hennar og verðmæti. Þegar leitað er eftir upplýsingum um verðmæti heimaframleiðslu hefur fátt orðið um svör. Brýnt er að fyrir liggi upplýsingar um slíkt, því vöxtur greinarinnar byggir m.a. á því að geta sýnt fram á verðmætasköpun og umsvif. Eðlilegt er að stjórn samtakanna haldi sem best utan um hagtölur á þessu sviði, en til þess þarf skýrt afmarkaðar og viðurkenndar reglur sem vinna má eftir.

2, Aðalfundur Beint frá býli haldinn að Miðskeri Höfn 8. Apríl 2017 felur stjórn samtakanna að vinna að því að reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslu til bænda verði breytt á þann hátt að heimilað verði að allt að 5% af mjólkurframleiðslu hvers lögbýlis sem notað er til heimavinnslu og sölu, verði undanþegin framleiðslustýringu og verði ekki dregin af mjólkurkvóta býlisins.

GREINAGERÐ:

Í reglugerð segir:

“ Öll mjólk sem seld er í afurðastöð frá viðkomandi lögbýli skal reiknast með í uppgjöri greiðslumarks fyrir lögbýlið .“

“ Mjólk sem unnið er úr til sölu á sama lögbýli og framleiðsla fer fram telst til framleiðslu innan greiðslumarks.“

Þarna er skýrt kveðið á um það að öll mjólk sem fer í vinnslu og sölu, hvort heldur sem er á viðkomandi býli eða í afurðastöð er innan greiðslumarks.

Við núverandi aðstæður, þar sem öll mjólk sem kemur í afurðastöð er greydd, má segja að ekki reyni á þetta. Hins vegar geta aðstæður auðveldlega orðið aðrar og þá er æskilegra að auka svigrúm til heimaframleiðslu og að um það séu ákvæði í gildandi reglum.

Því er það eðlilegt fyrirkomulag að ákveðinn hluti mjólkurframleiðslu hvers býlis sé utan framleiðslustýringar og skipast þá hvatning fyrir bændur til þess að leyta nýrra leiða við að framleiða sérvöru heima á býlinu og vinna henni markað.

Svavar Halldórsson býður samstarf við sauðfjárbændur í þessum tveimur málum og erindunum er síðan vísað til stjórnar.

Formaður minnir á að nú sé félagið 10 ára og biður um hugmyndir féлага þar að lútandi.

Guðrún í Holtseli kom með þá hugmynd að félagið láti gera kynningarmyndband um félagið og bæina sem eru í félaginu hringinn um landið.

Vel var tekið í þá hugmynd og ákveðið að leita leiða til að sækja um styrk til verksins.

Einnig kom fram tillaga um að Bfb sækti um aðild að Bændasamtökum Íslands og var hún samþykkt.

Rætt var um hvers vegna félagar á því svæði sem fundurinn var haldinn hverju sinni, mætti svona fáir á fund þar sem stjórn leggur vinnu í að koma til móts við féлага með því að halda aðalfundi á mismunandi landshlutum. Heyrst hefur að félagar telji ekki taka því að mæta þar sem félagið sé ekki að gera neitt fyrir þá. Töluverðar umræður sköpuðust um störf félagsins og stjórnar almennt og hvaða leiðir séu færar til að ná betur til féлага og eins til að virkja fleiri féлага til að taka þátt í vrkefnum félagsins.

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir tók til máls og þakkar fyrir sig en hún hefur setið í stjórn og varastjórn samfelld sítustu 9 ár, eða frá stofnun félagsins. Þakkar hún gott samstarf og óskar félaginu velfarnaðar.

Fleyri tóku ekki til máls og fól fundarstjóri, formanni að slíta fundi.

Formaður þakkar fólki þolinmæðina þar sem fundurinn var í lengra lagi, en af nófu var að taka eins og svo oft áður. Þá þakkar hann Jóhönnu fyrir hennar störf fyrir félagið, Guðmundi Jói fyrir fundarstjórn, gestum fyrir komuna og óskar þeim góðrar heimferðar. Þá minnir hann á matinn í boðu félagsins nú á eftir og slítur fundi kl. 18.40.

Jóhanna B Þorvaldsdóttir ritari Bfb.

Fundargestir:

Þorgrímur E Guðbjartsson formaður Bfb og mjólkurframleiðandi.

Hanna S Kjartansdóttir gjaldkeri Bfb og nautakjötsframleiðandi.

Jóhanna B Þorvaldsdóttir ritari Bfb og geitabóndi.

Þorbjörn Oddsson geitabóndi

Sigurlaug Gissurardóttir Ferðapjónustubóndi

Guðrún Egilsdóttir uppgjafa bóndi

Jóna Sólveig Elínardóttir alþingismaður.

Svavar Halldórsson framkvæmdastjóri landsambands sauðfjárbænda.

Oktavia Hrund Jónsdóttir varaþingmaður Pirata.

Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir Miðskeri.

Guðmundur Jón Guðmundsson mjólkurframleiðandi.

Elfa Björk Sævarsdóttir ráðgjafi.